

## Skýrsla stjórnar Minjaverndar hf. fyrir starfsárið 2005.

Á aðalfundi Minjaverndar hf. þann 18. apríl 2005 voru eftirtalin kjörin í stjórn félagsins: Sem aðalmenn Helga Jónsdóttir, Þröstur Ólafsson, Þórhallur Arason, Rakel Olsen og Salvör Jónsdóttir. Benedikt Geirsson, Kristín Einarsdóttir og Hafsteinn Hafsteinsson voru kjörin varamenn. Endurskoðandi félagsins var kjörin Anna Krístín Traustadóttir löggiltur endurskoðandi. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar var Þröstur Ólafsson kjörinn formaður stjórnar og Helga Jónsdóttir varaformaður. Framkvæmdastjóri félagsins er Þorsteinn Bergsson.

Stjórn Minjaverndar hf. hélt 5 bókaða stjórnarfundum á liðnu starfsári. Hér verður gerð grein fyrir helstu atriðum í starfsemi félagsins.

### Framkvæmdir í Aðalstræti.

#### Aðalstræti 10.

Undanfarin ár hefur það nokkrum sinnum komið til tals að Minjavernd tæki að sér með einhverjum hætti endurgerð hússins Aðalstræti 10. Við innkomu Reykjavíkurborgar í Minjavernd var rætt um að borgin legði húsið til sem hlutafé, en ekki varð úr, einkum þar sem á húsinu var þá leigusamningur sem ekki þótti æskilegt að yfirtaka. Er líða tók á árið 2004 þótti rétt að leiða huga á ný til þessa verks, þar sem Aðalstræti var að fá nýtt og uppgert yfirbragð að öllu öðru leyti. Eftir viðræður milli Minjaverndar og Reykjavíkurborgar var gengið frá samningi um þetta verkefni þann 7. febrúar 2005. Felur sá gjörningur það í sér að Minjavernd tekur húsið sjálft, þ.e. gamla húsið til vörslu til 35 ára. Minjavernd annast og kostar endurgerð þess og rekstur þann tíma. Jafnframt felur samningurinn í sér heimild til Minjaverndar að reisa nýbyggingu á baklóð hússins og tengja hana við gamla húsið. Sú nýbygging verður eign Minjaverndar og þá gengið frá lóðarleigusamningi vegna hennar. Við lok 35 ára vörslutíma hefur Reykjavíkurborg valkost um að lengja samning um 15 ár, eða endurgreiða hluta kostnaðar við endurgerð hússins.

Ráðist var í niðurtöku skúrbygginga fyrir aftan gamla húsið þegar í febrúar, einkum til hagræðis fyrir framkvæmdir við Landnámsskálann. Húsið var allt mælt upp og teiknað, bæði áður en ráðist var í niðurtöku viðbygginga, meðan á niðurtöku þeirra og klæðninga innan úr gamla húsinu stóð og grind gamla hússins loks teiknuð nákvæmlega. Allt var þetta jafnframt ljósmyndað. Í framhaldi var ráðist í fornleifagröft á baklóð hússins og undir gólfi þess á kostnað Minjasafns Reykjavíkur og annaðist Fornleifastofnun það verk. Teknar voru að yfirveguðu ráði ákvarðanir um hvað væri hægt að nýta af grind og innri klæðningum hússins, hvaða forsendur skyldu liggja til grundvallar endurgerð þess og hvernig staðið yrði hönnun og framkvæmdum við nýbyggingu fyrir aftan húsið. Að niðurstöðu varð að styðjast við virðingargjörð frá 1822 sem er mjög nákvæm auk uppmælingateikninga, er ákvörðun var tekin um

framhald hönnunar. Byggja nýbyggingu fyrir aftan húsið sem er eins að formi og það gamla, en verður úr steinsteypu og tengja byggingarnar saman með tengibyggingu úr stáli og gleri. Ennfremur var ákveðið að ráðast í að fleyga fyrir kjallara undir tengibyggingunni og nær allri nýbyggingunni sem tengdist síðan tengigangi frá sýningarskála að Aðalstræti 16. Með því móti verður haldið öllum möguleikum opnum fyrir framtíð um að tengja starfsemi í Aðalstræti 10 við Landnámsskálann. Var þetta í takt við upphaflegar tillögur sem settar voru fram eftir að rúst skálans á lóð Aðalstrætis 16 fannst, að tengja þannig saman eitt elsta hús Reykjavíkur við elstu mannvistarleifar á Íslandi sem enn hafa fundist.

Stjórn Minjaverndar ræddi valkosti og tillögur í þessu efni og voru teikningar samþykktar þann 1. nóvember 2005. Nokkru fyrir voru hafnar framkvæmdir við undirstöður og grind gamla hússins. Þegar þetta er ritað hefur verið lokið við klæðningar utan á framhlið og gaffli og undirvinna við klæðningu þaks er lokið. Inni í húsinu er nær lokið við að hlaða upp eldstæði sem talið er vera sem næst því það sama að formi, stærð og gerð og upphaflega var í húsinu. Jafnframt er lokið við steypuvirki bakbygginga upp að plötu aðalhæðar hússins. Stefnt er að því að klæðningum og ytri frágangi á framhlið, norðurgaffli og framhlið þaks verði lokið seinni hluta maí og vinnugirðing verði þá tekin niður fyrir sumarið. Stefnt er að verklokum við húsið í vetrarbyrjun.

Hvað notkun og starfsemi í húsinu áhrærir, þá hafa ekki verið teknar ákvarðanir, en ræddir nokkrir valkostir sem skoðaðir verða frekar.

## Aðalstræti 16, Hótel Reykjavík Centrum og Landnámsskáli.

Framkvæmdir á lóð Aðalstrætis 16, stærsta verkefni sem Minjavernd hefur til þessa lagt upp plön með gengu samkvæmt áætlun á árinu. Hótel Reykjavík opnaði þann 1. apríl samkvæmt upphaflegum samningum og hefur rekstur þess gengið vel frá fyrsta degi. Er það flestra viðhorf að vel hafi til tekist með framkvæmd þessa og suðurhluti Aðalstrætis sé nú höfuðborg til sóma.

Vinna við uppsetningu sýningar í Landnámsskálann stendur nú yfir af fullum krafti og verður hún opnuð þann 12. maí n.k. Þar með mun ljúka framkvæmdum á þeirri lóð er hófust síðla árs 1999. Á morgun hefur gengið í þeirri framvindu og setti fundur skálarústarinnar þar stærst strika í. Tók mikinn tíma að finna leiðir í framhaldi sem tækju tillit til fjölmargra sjónarmiða svo sem varðveislu rústarinnar, varðveislu gamla hússins, uppbyggingu á lóðinni og fjárhagslegra atriða. Ber mjög að þakka öllum þeim aðilum sem að málinu hafa komið.

## Aðalstræti 2, Ingólfsnaust og Aðalstræti 12, Ísafold.

Í árslok var tekin ákvörðun um að selja tvö þau hús sem Minjavernd hefur lokið endurgerð á í Aðalstræti, Ingólfsnaust og Ísafold. Innan stjórnar varð það að niðurstöðu, enda ekki markmið með rekstri félagsins að eiga og reka hús í sjálfu sér, heldur frekar að stuðla að varðveislu þeirra, verndun og stuðla að heilsteypum götumyndum þar sem það á við. Eftir nokkra umræðu hafði verið tekin ákvörðun um að selja Ísafold, en í framvindu þess varð ofan á að selja einnig Ingólfsnaust. Rétt fyrir áramót var tekið tilboði frá Fasteignafélaginu Stoðum í eignir þessar og voru þær afhentar þann 1. mars sl.

## Kirkjustræti, Vallarstræti, Thorvaldsenstræti og Veltusund.

Eftir að endurbyggingu Ingólfsnausts lauk og ljóst var orðið að uppbygging á horni Aðalstrætis og Túngögu mundi ganga fram undir þeim formerkjum sem Minjavernd hafði lagt upp, hefur félagið litið nokkuð til þess hvort og hvar félagið geti stutt við frekari uppbyggingu í miðborg Reykjavíkur og hvar þau sjónarmið sem félagið starfar eftir geti átt við.

Húsalína Kirkjustrætis frá Dómkirkju að Herkastala hefur verið lagfærð að miklu leyti og af myndarskap, bæði Alþingis og safnaðarstjórnar Dómkirkju. Fyrir liggur þó að eftir er að taka ákvörðun um kaflann frá og með Skjaldbreið og að horni Tjarnargötu. Minjavernd hefur lagt fram hugmynd sem innlegg í þá umræðu. Hluti þeirrar hugmyndar er gamall, en sú útfærsla ný og jafnframt fylgdi með tillaga til umræðu um að Minjavernd væri reiðubúin að annast og kosta framkvæmd endurgerðar húsalínunnar, en Alþingi greiddi þá fyrir afnot húsanna í tiltekinn árafjölda og ætti síðan húsin að þeim tíma liðnum. Hugmynd þessi var eingöngu sett fram sem einn valkostur, en félagið er mjög svo reiðubúið til að útfæra hana með Alþingi eða hönnuðum þess þyki það henta, eða liðsinna við framvindu með öðrum hætti. Þar er að mati félagsins mikilvægt að þessi húsalína verði sem heilsteyptust og kallist þannig á við þá uppbyggingu sem orðin er við Aðalstræti. Í því efni mætti hugsa sér að flytja húsið Vonarstræti 12 yfir að horni Kirkjustrætis og Tjarnargötu, hvar það gæti farið vel og tengja það við endurgerða Skjaldbreið í einhverri mynd. Með þeim hætti fengist mun heilsteyptari byggingarreitur meðfram Vonarstræti og að bakhliðum húsa við Kirkjustræti, húsalína Kirkjustrætis mundi sóma sér vel og húsið Vonarstræti 12 sjálft njóta sín sem það getur aldrei gert á núverandi stað úr því sem komið er. Samhliða því að horfa til húsalínu Kirkjustrætis hefur verið litið til þeirra stóru brunagafla sem snúa að Ingólfstorgi og þess smáanarlega yfirbragðs sem hús við sunnanvert torgið hafa. Götulínur Veltusunds og Vallarstrætis standa saman af ótótlegum húsum í lélagu ástandi með skörðum á milli. Slíkt yfirbragð getur ekki verið miðborg bjóðandi og mikið til vinnandi að leita leiða til úrbóta í því efni. Minjavernd hefur lagt nokkra vinnu í að skoða valkosti á þessu svæði. Félagið hefur á liðnum tveimur árum átt samstarf við nokkra aðila um þróun hugmynda og samstarf í þessu efni. Unnin hafa verið upp ýmis gögn og áætlanir. Formlegar viðræður um framhald þessara hugmynda hafa legið niðri um hríð, en hugmyndir og gögn liggja fyrir.

## Viðey.

Á liðnu ári ákváðu þróunarfélagið Þyrping hf og Minjavernd að taka uppp gamla hugmynd frá árinu 2001 um flutning á Minjasafni Reykjavíkur út í Viðey. Síðsumars og haust 2005 voru farnar nokkrar ferðir þangað sem og upp í Árbæjarsafn og aflað töliverðs fróðleiks. Í framhaldi hafa verið unnin upp gögn sem sýna fram á hvernig hægt væri að koma safninu yfir í Viðey, hvaða ráðstafanir þarf að gera til að það geti gerst og það verið rekið þar úti, kostnað þessu öllu samfara og lagt mat á verðmæti þess svæðis sem safnið nú stendur á og nýtt yrði sem byggingarland. Erindi

hefur nú verið sent Reykjavíkurborg og lögð þar fram þessi hugsun með tilboði um viðræður milli Reykjavíkurborgar og Þyrpingar hvar Minjavernd er í hugmynda og ráðgjafahópi. Það er mat Minjaverndar að safnið muni njóta sín mun betur úti í Viðey. Eyjan muni með því fá hlutverk sem hana hefur vantað og þessum gullmola í borgarlandinu gert hærra undir höfði en verið hefur. Byggingarland muni líka losna, eitt það besta sem Reykjavíkurborg hefur upp á að bjóða. Tillaga þessi mun vonandi verða tekin til gaumgæfilegrar skoðunar af borgaryfirvöldum og verði undirtektir jákvæðar mun verða hægt að ljúka verkefni sem þessu á þremur árum.

## Leigusamningar.

Minjavernd byggir fastan rekstur sinn og fjárhag að mestu leyti á útleigu þess húsnæðis sem hún hefur endurgert í miðborg Reykjavíkur. Það er því lögð töluverð vinna að því að halda útleigu þessara eigna í því horfi að þær skili ásættanlegum fjárhagslegum afrakstri og séu jafnframt umhverfi sínu til sóma. Á liðnu starfsári hafa litlar breytingar verið á hópi leigutaka og engar leigutekjur hafa verið afskrifaðar á árinu. Alls voru leigusamningar félagsins 19 talsins á árinu 2005 og hefur innheimta leigu verið með ágætum.

## Viðhald húseigna Minjaverndar í Reykjavík.

Minjavernd er það nokkurt kappsmál að halda eigum sínum í þokkalegu ásikkomulagi og að yfirbragð þeirra sé í umhverfi frekar til sóma en annað. Félagið lagði rúmlega 11 milljónir til viðhalds eigna sinna í Reykjavík á liðnu ári. Í upphafi ársins var ráðist í töluverðar lagfæringar á gólfum í Bernhöftshúsi, en að öðru leiti var aðallega um að ræða málun húsa og venjulegt viðhald. Mikið er gengið um þau hús sem félagið hefur til útleigu og þarfnast þau því jafnvel meira viðhalds en framkvæmt hefur verið ef vel á að vera.

## Framkvæmdir eða áform Minjaverndar úti á landi.

### Bókhlaðan í Flatey.

Minjavernd hefur annast vörslu og viðhald Bókhlöðunnar í Flatey frá 1985. Húsið var byggt 1864 og er elsta hús sem byggt var fyrir bókasafn á landi hér og enn nýtist sem slíkt. Á árinu 2005 var húsinu tekið töluvert tak. Rennisúð þaks var tekin af, skarsúð lagfærð lítillaga, millileggi komið fyrir og rennisúð endurlögð þéttar en áður og að hluta borð endurnýjuð. Gluggar voru allir teknir vel í gegn, fög tekin úr og lagfærð, endurglerjuð og sett í á ný. Að lokum var húsið svo allt málað. Fyrir nokkru kom í ljós við flutninga hjá Landsbókasafni gamla bókasafn Flateyjar framfarastiftunar. Eru þar um að ræða nokkur þúsund eintök bóka sem margar eru mjög verðmætar, en margar líka mjög skemmtilegar og segja með útliti sínu sögu um meðferð liðinna alda. Til umræðu hefur komið að Minjavernd leitist við að hjálpa Landsbókasafni við

útvegum fjármagns til að lagfæra einhvern hluta safnsins og hann verði fluttur aftur vestur til Flateyjar sem sýnissafn. Finna má því safni hugsanlega samastað í þeim pakkhúsum sem Minjavernd hefur unnið að endurgerð á.

### Eyjólfspakkhús, Stórapakkhús og Samkomuhús í Flatey.

Nú eru liðin fjögur ár síðan lokið var við viðgerð Eyjólfspakkhúss og það tekið í notkun. Húsið hefur verið leigt út og hafa viðtökur og viðbrögð notenda verið mjög góð. Tekjur af því hafa aukist ár frá ári.

Eftir að lokið var við viðgerð Eyjólfspakkhúss hefur frekar litlum fjármunum verið varið til endurbyggingar hinna pakkhúsanna, Stórapakkhúss og Samkomuhúss. Á árinu 2004 var ráðist í að grafa út úr kjallara Stórapakkhúss, koma þar fyrir lögnum og steypa gólf. Jafnframt var allt innra burðarvirki hússins í kjallara og á 1. hæð lagfært eða endurnýjað. Auk þessa var norðurhlið hússins tekin í gegn, grind lagfærð og styrkt, gluggar settir í og hliðin klædd. Á árinu 2005 var skipt um þak Stórapakkhúss. Frá liðnum áramótum hafa hins vegar verið farnar nokkuð margar vinnuferðir á vegum félagsins til viðgerða á Samkomuhúsinu. Ljóst varð síðla árs 2005 að ekki yrði frekari þjónusta fyrir ferðamenn á Veitingastofunni Vogu og því engri slíkri þjónustu fyrir að fara ef ekkert yrði að gert. Um árabíl hefur verið til þess horft við endurgerð pakkhúsanna að þau nýttust í þágu ferðamanna í Flatey er til framtíðar væri litið. Því var sú ákvörðun tekin að ráðast í tveimur áföngum í verkalok endurgerðar þeirra nú. Fyrri væri að ljúka viðgerð á Samkomuhúsi utan sem innan og litlum hluta Stórapakkhúss. Þar væri þannig hægt að opna nú í sumarbyrjun greiðasölu og jafnframt gistingu í Eyjólfspakkhúsi. Lokaáfangi væri að ljúka við viðgerð Stórapakkhúss og koma þar fyrir herbergjum til gistingar og opna það vorið 2007. Fyrir liggur samningur við fjóra einstaklinga og Sæferðir í Stykkishólmi um leigu og rekstur húsanna. Standa vonir til þess að takist að opna veitingastað í Samkomuhúsi í byrjun júní.

### Sjóvarnargarðar – Silfurgarður í Flatey.

Fyrir nokkrum árum átti Minjavernd frumkvæði að því með Þjóðminjasafni að ráðast í gagngerar endurbætur á gömlum hleðslum Silfurgarðs og Stóragarðs. Er nú komið að því að halda þarf því verki áfram. Í gegnum aldir hafa íbúar sinnt sínum vörum og hleðslum á hverju vori, en því ekki til að dreifa lengur. Sem lið í að ganga frá umhverfi Eyjólfspakkhúss lét Minjavernd lagfæra Eyjólfspan á árinu 2003. Nauðsynlegt er að afla fjár til frekari lagfæringa þessara gömlu mannvirkja, en Silfurgarður var stærsta einstaka einkaframkvæmd hér á landi á fyrri hluta 19. aldar.

### Húsin í heiðinni.

Lagning símanns frá Seyðisfirði til Reykjavíkur er undirbúin var sumarið 1905 og síðan framkvæmd á einu sumri 1906 var ótrúlegt þrekvirki og stærsta einstaka framkvæmd hér á landi á 20. öld fram að seinna stríði. Einkum var mikið í ráðist við að leggja línu yfir hálendi frá Héraði til Vopnafjarðar og þaðan yfir að Grímsstöðum á Fjöllum. Minjavernd hefur á undanförunum árum eða frá 2001 kannað línulögn þessa

og ummerki þeirra þriggja húsa sem reist voru meðfram línunni á sínum tíma. Þeirri skoðun og vettvangsferðum meðfram allri línunni var lokið 2003 og tók félagið þá saman lítinn bækling um línulögnina. Í honum var lagt upp með áætlun um endurgerð þessara gömlu símahúsa. Er þar bæði um sögulega varðveislu að ræða og einnig getur það bætt aðstöðu fyrir ferðamennsku á þessari leið. Með endursmíð húsanna væru komnir heppilegir áfangastaðir ferðamanna á göngu yfir þessi svæði, en slíkum ferðum hefur fjölgað mjög á liðnum árum. Það hefur líka komið í ljós að aðilar í ferðaþjónustu hafa komið að máli við félagið og boðið liðsinni, vinnuframlag og fjárstuðning við framhald verks þessa.

Á árinu 2004 réðst Minjavernd í að framkvæma fyrsta áfanga þessarar áætlunar, er fólst í endursmíð hússins við Haug, um 23 km austan við Grímsstaði á Fjöllum í um 740 metra hæð. Gekk sú framkvæmd ágætlega fram að öllu leyti og þann 19. september það ár var húsinu komið fyrir á grunni þess gamla, svo nákvæmlega að gamla dýrahellan nýtist nú óhreyfð nýjum dyrum. Við framkvæmdina og í framhaldi af henni voru töluverð viðbrögð af heimaslóð og öll mjög jákvæð. Það varð með öðru til þess að félagið réðst í næsta áfanga verksins sem var að koma fyrir húsi í stað þess sem áður stóð á Urðum, nær miðja vegu milli Grímsstaða og Vopnafjarðar. Það hús er nokkru stærra en það fyrsta og betur búið til dvalar. Gengið var í framhaldi frá samningi við Ferðaklúbbinn 4x4 á Austurlandi um daglega vörslu húsanna og afnot af þeim, en félagsskapurinn styrkti framkvæmdina jafnframt.

Í lok árs var síðan gengið frá samningi við Landssíma Íslands hf. um þriðja húsið á Smjörvatnsheiði. Þar mun Landssíminn kosta og annast uppsetningu hússins á heiðinni, en Minjavernd leggja til innanstokksmuni. Rætt hefur verið um að það hús muni með öðru nýttast sem björgunarskýli á Smjörvatnsheiði og þá verði núverandi skýli tekið niður í framhaldi.

Þá er einungis eftir að ljúka endurgerð heiðarbylísins Aðalbóls svo að upphaflegar fyrirætlanir og tillögur nái fram að ganga. Ber að þakka Landssíma Íslands hf. og öllum öðrum sem að málinu hafa komið fyrir framlag til þess.

## Útgáfustarfsemi og merki Minjaverndar.

Nú þegar líða fer að lokum vinnu Minjaverndar að uppbyggingu við vestanvert Aðalstræti þótti stjórn félagsins rétt að gera því starfi og forsendum þess nokur skil. Við þessa vinnu undanfarin ár hefur safnast mikið efni til viðbótar þeim sögulega fróðleik sem fyrir hendi var. Félagið fékk Guðjón Friðriksson sagnfræðing til að taka saman efni í bók um sögu götunnar frá upphafi, þ.e. landnámi til nútíma. Texti hennar liggur nú mikið til fyrir og er unnið að samantekt mynda. Stefnt er að útgáfu með hausti, um líkt leyti og endurgerð Aðalstrætis 10 lýkur. Jafnframt hefur verið hugað að gerð heimildamyndar um sama efni.

Undanfarin ár hefur oft komið til tals að félagið útbúi sérstakt merki og setji á þau hús og mannvirki sem það hefur komið að endurgerð, varðveislu eða rannsóknum á. Nú hefur stjórn samþykkt tillögu að skilti úr steypujárni og verður í framhaldi unnið að því að setja slík merki á umrædd hús.

Ýmis önnur verkefni eru eða hafa verið á borðum Minjaverndar til skoðunar, en hér þykir einungis ástæða til að nefna þau sem helst er unnið að um þessar mundir.

## Ný verkefni.

Þegar lokið verður viðgerð Pakkhúsanna í Flatey á árinu 2007 og heiðarbýlið Aðalból hefur verið endurgert á því sama ári og þar með verkefni Símahúsa, verður lokið þeim verkum sem Minjavernd hefur sinnt með beinum hætti úti á landi. Því er eðlilegt að tekin verði afstaða til frekara verkefnavals utan Reykjavíkur á komandi ári.

## Fjárhagsstaða, uppgjör afkoma Minjaverndar hf.

Afkoma Minjaverndar á árinu 2005 var jákvæð, en hagnaðar ársins nam 6.6 m.kr. Rekstrartekjur námu 73.8 m.kr. en voru 69.0 m.kr. á árinu 2004. Rekstrargjöld námu 44.7 m.kr. eða nánast sömu upphæð og árið áður. Eignir félagsins námu í árslok 738 m.kr. og skuldir 426.9 m.kr. Eigið fé var því 311.1 m.kr. Eiginfjárhlutfall var 42.0 %, arðsemi eigin fjár 2.2 % og veltufjárhlutfall 0.26 %.

Reikningar Minjaverndar eru nú settir upp með sama hætti og á liðnu ári. Eftir að endurmatsreikningur við uppgjör var aflagður skekkti það verulega mynd rekstrarniðurstöðu félagsins sem annarra félaga í svipuðum rekstri. Á liðnu ári var skoðað með hvaða hætti mætti bæta þar úr, en fylgja þó í hvívetna góðum endurskoðunarvenjum og uppgjóri. Að niðurstöðu varð að setja reikning upp í samræmi við ákvæði laga og reglugerða, en einnig í fyrsta sinn í samræmi við alþjóða reikningsstaðla (IFSR). Fasteignir félagsins í Reykjavík sem eru í útleigu flokkast nú undir fjárfestingaeignir. Við sölu eigna félagsins í Aðalstræti sem fyrr er nefnd munu reikningar félagsins fyrir 2006 taka umtalsverðum breytingum, skuldir lækka verulega og lausafjarstaða gerbreystast. Við það mun geta félagsins til að takast á við ný verkefni jafnframt breytast umtalsvert.

## Niðurlag.

Staða Minjaverndar hf. er góð. Við framkvæmdir liðinna ára hefur tekist að halda áætlanir og stundum betur. Tekjur hafa fylgt áætlunum og markaði. Til þessa verður að líta sérstaklega þar sem félaginu er ekki ætlað að þiggja fjármuni frá ríki eða borg og þarf því að huga vel að fjárhagsstöðu sinni til framtíðar. Á liðnum árum hefur meginþungi starfs verið í miðborg Reykjavíkur og verður þeim lokið með endurgerð Aðalstrætis 10. Félagið hefur unnið að hugmyndum um frekari verkefni í Reykjavík, en jafnframt hefur verið stefnt að því að styrkja starf þess úti á landi.

Þróstur Ólafsson formaður stjórnar  
Þorsteinn Bergsson framkvæmdastjóri.